

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 2 af 2

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Félagaréttur (30%)

ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstakt prófblað vegna, Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)

Prófdagur: 2. nóvember 2011

Kl.: 17.00- 21.00

Úrlausnartími: 4 klst.

Prófbloð: 5 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir

Fylgibloð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Krossaspurningum skal svarað á prófblaðinu sjálfu.

Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

I. Hluti (12%)

Með hf. er átt við hlutafélög önnur en þau sem starfa skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Athugið eftirfarandi:

- Að vægi hvers liðar er jafnt (0,5%).
- Að dregið er frá 0,25% fyrir hvert rangt svar.
- Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en þið merkið við.
- Einungis eitt svar er rétt í hverri spurningu.

1. Fyrirtæki er lögaðili og réttareind utan um fjárhagslega starfsemi sem rekin er í hagnaðarskyni.

- () Rétt
() Rangt

2. Sameignarfélag (sf.) er lögaðili nema gagnvart gjaldþrotalögum sökum ábyrgðar eigenda.

- () Rétt
() Rangt

3. Eigandi í sameignarfélagi (sf.) ber ekki ábyrgð á skuldbindingum þess ef hann hefur tekið stofnfé sitt til baka úr félaginu.

- () Rétt
() Rangt

4. Í samþykktum hlutafélags (hf.) má vísa um gildissvið til hluthafasamkomulags, sem ekki er birt, enda séu allir hluthafar þátttakendur í slíku samkomulagi.

- () Rétt
() Rangt

5. Jafnstórir hlutir í hlutafélagi (hf.) geta haft mismunandi stöðu með tilliti til réttinda í hlutafélaginu ef um það er fjallað í samþykktum þess.

- () Rétt
() Rangt

6. Hluthafi, sem greitt hefur inn hlutafé í öðru en reiðufé, þarf að bæta félaginu tjón af verðyrnun eignar, þótt hún hafi verið rétt metin þegar framlagið var innt af hendi, ef verðyrnunin stafar af markaðsaðstæðum.

- () Rétt
() Rangt

7. Í vissum tilvikum er heimilt að inna hlutafé af hendi með skuldajöfnuði við kröfu áskrifanda hlutafjár.

- () Rétt
() Rangt

8. Áskrifandi hlutafjár, sem á eftir að greiða hlutafjárframlag sitt, á þess ávallt kost að krefjast endurskoðunar á gengi hluta ef arðsemi félags hefur brugðist.

- () Rétt
() Rangt

9. Hluthafar geta gefið öðrum umboð til þess að mæta á hluthafafund, jafnvel svo að einn og sami maðurinn hafi umboð allra hluthafa. Hluthafar eru þá bundnir við ákvarðanir sem teknar eru á slíkum fundum svo fremi að löglegar séu.
- () Rétt
() Rangt
10. Hluthafafundur tekur ákvörðun um skiptingu hlutafélags (hf.) en félagsstjórn þarf að samþykkja skiptinguna að lokinni auglýsingu í Lögbirtingarblaði.
- () Rétt
() Rangt
11. Hluthafi getur ákveðið að í stað þess að innleysa arð sinn hækki hlutafé hans í félaginu miðað við síðasta þekktu gengi hlutanna.
- () Rétt
() Rangt
12. Hluthafafundur má aðeins ákveða að slíta félaginu ef búið er að greiða allar skuldir félagsins áður.
- () Rétt
() Rangt
13. Heimilt er að meta loforð um vinnuframlag til fjár og nota til greiðslu hlutafjárloforðs við stofnun hlutafélags (hf.).
- () Rétt
() Rangt
14. Hlutflokkar í hlutafélagi (hf.) verða að innihalda jafnmikið hlutafé.
- () Rétt
() Rangt
15. Hlutafjárloforð, þ.e. kröfu félags um greiðslu hlutafjár er heimilt að veðsetja, gera aðför í eða framselja.
- () Rétt
() Rangt
16. Stjórn hlutafélags (hf.) er, að vissum skilyrðum uppfylltum, heimilt að lækka hlutafé vegna jöfnunar taps sem ekki verður jafnað á annan hátt.
- () Rétt
() Rangt
17. Heimilt er að nota varasjóði hlutafélaga (hf.) til að greiða úr arð til hluthafa, kaupa hluti í öðrum félögum og kaupa lausafé.
- () Rétt
() Rangt
18. Óheimilt er að framselja hlutafjárloforð.
- () Rétt
() Rangt
19. Samruna tveggja hlutafélaga (hf.) má miða 6 mánuði aftur í tímann, frá því að stjórn undirritar samrunaáætlun og fylgigögn hennar.
- () Rétt
() Rangt

20. Við skiptingu hlutafélags (hf.) í tvö félög gildir að það félag sem tekur við viðkomandi skuld samkvæmt skiptingarefnahagsreikningi, ber eitt ábyrgð á þeim.

- Rétt
 Rangt

21. Hlutir í einkahlutafélagi (hf.) mega fæstir vera tveir.

- Rétt
 Rangt

22. Einkahlutafélag (ehf.) skal tilkynnt til skráningar innan tveggja mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

- Rétt
 Rangt

23. Skrá má einkahlutafélag (ehf.) þó að heildarhlutafé sé ekki greitt.

- Rétt
 Rangt

24. Heimilt er að ákveða í samþykktum hlutafélags (hf.) að sumir hlutaflokkar hafi hvorki atkvæðisrétt eða né njóti arðgreiðslna.

- Rétt
 Rangt

II. Hluti (18%)

Athugið að úrlausn skal skrifuð á sérstaka próförk sem merkt skal prófnúmeri próftaka.

1. Fjallið um uppbyggingu stjórnkerfa hlutafélaga (hf.) og eftirlit með þeim, hvaða stjórneiningar mynda stjórnkerfi hlutafélags, hlutverk hvorrar fyrir sig og valdmörk. Fjallið jafnframt um samspil þeirra sín á milli og þeirra aðila sem hafa eftirlit með starfsemi hlutafélagsins. (10%).
2. Tilgreinið þá lögmætu möguleika sem eigendur hlutafélags (hf.) hafa til þess að taka til sín fé sem bundið er í félaginu. Reifið hvern möguleika stuttlega, skilyrði hans og forsendur. (8%).